

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Borgarfjarðarkauptúni.

Hámarkshraði ökutækja í Borgarfjarðarkauptúni í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal vera 35 km á klst. á þjóðveginum frá Árbæ suður fyrir kirkjuna, svo og á þjóðveginum frá Bakkamel að vegamótum við félagsheimilið.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. desember 1971.

Nr. 242.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, en það nær yfir Hafnarfjörð, Garðahrepp og Bessastaðahrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 28, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði. Vinnuveitendasambands Íslands, bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu.

3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, sem Félag vörubílaeigenda rekur í Hafnarfirði, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði veitir Félag vörubílaeigenda, Hafnarfirði, viðtöku á nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 28. Gildar umsóknir skulu teknar til greina

aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabíla. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 28 9. febrúar 1963, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þingeyrarkauptún, nr. 33 14. marz 1958.

1. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerðinni hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.